

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 18. mars 2009 í máli nr. X-21/2008:

Nýi Kaupþing banki hf.

(Magnús Pálmi Skúlason hdl.)

gegn

Leiguvélum ehf.

(Heiðar Ásberg Atlason hdl.)

Með bréfi skiptastjóra í Þrotabúi V & Þ hf., móttæknu 25. nóvember 2008 var ágreiningi á milli Nýja Kaupþings banka hf. og Leiguvéla ehf. skotið til úrlausnar dómsins. Málið var þingfest 5. desember s.á. og tekið til úrskurðar 18. febrúar sl.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila, Nýja Kaupþings banka hf. eru að endur gjaldi vegna riftunar búsins á gerningum þrotamanns verði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1. Að andvirði greiðslu til þrotabúsins frá 8. október 2004, að fjárhæð kr. 30.440.000, verði ráðstafað upp í veðkröfur sóknaraðila við úthlutun úr þrotabúi V & Þ hf. með áföllnum vöxtum frá þeim degi til úthlutunardags.
2. Að andvirði dóms nr. 212/2007 sem greitt var til þrotabúsins þann 27. desember 2007 að fjárhæð kr. 51.758.922, verði ráðstafað upp í veðkröfur sóknaraðila við úthlutun úr þrotabúi V & Þ hf. með áföllnum vöxtum frá þeim degi til úthlutunardags.

Sóknaraðili krefst þess jafnframt að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins að viðbættum lögmaeltum virðis aukaskatti.

Varnaraðili, Leiguvélar ehf., krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þess er krafist að:

1. Andvirði greiðslu að fjárhæð kr. 30.440.000 sem innt var af hendi af hálfu sóknaraðila til þrotabús V & Þ hf., hinn 8. október 2004, verði ráðstafað upp í almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við úthlutun úr þrotabúi V & Þ hf. með áföllnum vöxtum frá þeim degi til úthlutunardags.
2. Andvirði greiðslu að fjárhæð kr. 51.758.922 sem innt var af hendi af hálfu Vélaborgar ehf., og Gunnars Viðars Bjarnasonar, hinn 27. desember 2007, verði ráðstafað upp í almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við úthlutun úr þrotabúi V & Þ hf. með áföllnum vöxtum frá þeim degi til

úthlutunardags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

I

Í bréfi skiptastjóra í þrotabúi V & Þ hf. kemur fram að ágreiningur málsaðila snúist í meginatriðum um það hvort sóknaraðili eigi veðréttindi í hluta af peningaeign búans, en þar sé um að ræða endurgjald vegna riftunar búans á gerningum þrotamanns samkvæmt XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Annars vegar sé um að ræða kröfu um veðréttindi í greiðslu að fjárhæð kr. 30.440.000 inn á tékkareikning þrotamanns hjá Kaupþingi banka hf. en hins vegar kröfu um veðréttindi vegna sölu á hluta vörulagers hins gjaldþrota félags.

Þann 31. desember 1998 gaf Vélar og þjónusta hf., síðar V & Þ hf., út trygg ingabréf upphaflega að fjárhæð 404 milljónir króna til Búnaðarbanka Íslands hf., nú Nýja Kaupþings banka hf., til tryggingar á öllum skuldum félagsins við bankann. Með bréfinu voru m.a. veðsettar allar vörubirgðir félagsins. Bréfið var innfært í þinglýsingarbók, 13. janúar 1999, með þeirri athugasemd að hvorki tegund né tala hinna veðsettu vörubirgða komi fram í bréfinu.

Samkvæmt reikningi nr. S4-014456, dags. 26. ágúst 2004, keypti Tá ehf., nú Vélaborg ehf., félag í eigu Gunnars Viðars Bjarnasonar, annars fyrirvarsmanna varnaraðila, hluta vörubirgða Véla og þjónustu hf. fyrir samtals 31.186.999 kr. Var andvirðið greitt með ávísun útgefni af Tá ehf., þann 30. ágúst 2004, að fjárhæð 30.440.000 kr., en afgangurinn með skuldajöfnuði á milli félaganna.

Þann 27. ágúst 2004, hófust innheimtuaðgerðir sóknaraðila á hendur Vélum og þjónustu hf. með því að félaginu var birt greiðsluáskorun þar sem skorað var á félagið að greiða gjaldfallnar kröfur sóknaraðila að fjárhæð 142.035.330 kr., ella yrði krafist aðfarar fyrir þeim án frekari tilkynninga. Í greiðsluáskoruninni var skorað á félagið að greiða upp yfirdráttarskuld þess á reikningi 306-26-3746 hjá sóknaraðila.

Þann 30. ágúst 2004 greiddi Vélar og þjónusta hf. andvirði lagersölunnar inn á fram angreindan yfirdráttarreikning þannig að skuld á reikningnum 29.986.083 kr. var greidd upp, en forsvarsmenn félagsins, þeir Gunnar Viðar Bjarnason og Stefán Bragi Bjarnason voru í persónulegri ábyrgð fyrir efndum skulda á reikningnum.

Með úrskurði, dagsettum 7. september 2004, var Vélar og þjónusta hf. úrskurðað gjaldþrota að beiðni félagsins sjálfs, en áður en það gerðist hafði nafni félagsins verið breytt í V & Þ hf.

Sóknaraðili heldur því fram að fyrirvarsmenn varnaraðila hafi, eftir að inn heimtuaðgerðir hófust þann 27. ágúst 2004, hafist handa við að selja sjálfum sér þær vörur úr lager félagsins sem mest verðmæti var í.

Frá því að nefnd greiðsluáskorun var birt og þar til félagið var úrskurðað gjaldþrota hafi átti sér stað atburðarrás sem hafi falist í því að fyrirvarsmenn V & Þ hf. hafi flutt eignir, umboð, tölvukerfi, bókhald, söluhæstu vörur á lager o.fl. inn í nýtt félag, Vélar og þjónusta ehf. (nú Vélaborg ehf.).

Hafi sóknaraðili óskað eftir því við hugbúnaðarfyrirtækið Hug hf. að það staðfesti fullyrðingar fyrirsvarsmanna varnaraðila þess efnis að fyrrgreindur reikningur hafi verið gefinn út þann 26. ágúst 2004. Eftir skoðun starfsmanna fyrirtækisins á bókhaldi V & Þ hf. hafi komið í ljós, miðað við eðlilega virkni kerfisins, að reikningur vegna ofangreindrar sölu hafi verið gefinn út á tímabilinu frá 28. til 31. ágúst 2004, þ.e. eftir að V & Þ hf. hafði verið birt fyrrnefnd greiðsluáskorun.

Með bréfi dagsettu 22. september 2004 rifti skiptastjóri í þrotabúi V & Þ hf. ofangreindri greiðslu til sóknaraðila, með vísan til 134. gr. og 141 gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti. Byggði skiptastjóri riftunina á því að hann teldi að greiðslan hefði skert greiðslugetu félagsins verulega og með henni hafi kröfuhöfum félagsins verið mismunað til hagsbóta fyrir sóknaraðila. Í sama bréfi var þess krafist að sóknaraðili endurgreiddi þrotabúinu ofangreinda fjárhæð með vísan til 142. og 143. gr. sömu laga.

Þann 8. október 2004, endurgreiddi sóknaraðili þrotabúi V & Þ hf. kr. 30.440.000 vegna ofangreindrar riftunar. Áður en að endurgreiðslu kom setti sóknar aðili fyrirvara um endurgreiðsluna þess efnis að greiðslan væri sérgreind eign bankans og hann reiknaði með því að hún yrði endurgreidd bankanum áður en að úthlutun úr búinu kæmi.

Með bréfi dagsettu 15. janúar 2007 gerði sóknaraðili kröfu um að þrotabúið ráðstafaði andvirði ofangreindrar greiðslu til sóknaraðila. Byggði sóknaraðili m.a. á því að ofangreind fjárhæð sem sóknaraðili hafði endurgreitt búinu teldist til þeirra eigna sem veðsettar væru honum á grundvelli fyrrgreinds tryggingabréfs. Var á því byggt að fyrrgreindar vörubirgðir hafi verið veðsettar sóknaraðila og því ljóst að verðmæti vörulagersins hefði ekki runnið til þrotabúsins þótt það hefði haft forgöngu um að selja hann heldur til sóknaraðila.

Skiptastjóri höfðaði riftunarmál vegna sölu á vörulagernum. Taldi skiptastjóri að eignirnar hefðu verið seldar á undirverði. Af þeim sökum höfðaði þrotabúi V & Þ hf. mál á hendur Vélaborg ehf. og Gunnari Viðari Bjarnasyni o.fl. Málinu lauk með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 212/2007, sem staðfesti dóm héraðsdóms, en samkvæmt honum var m.a. rift gjafagerningi V & Þ hf. til Vélaborgar ehf. (þá Táar ehf.) um vörubirgðir samkvæmt reikningi S4-014456, dags. 26. ágúst 2004, og lista er reikningnum fylgdi. Þá voru Vélaborg ehf. og Gunnar Viðar Bjarnason dæmd til að greiða óskipt þrotabúi V & Þ hf. 26.044.108 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. júní 2005 til greiðsludags og 5.900.000 krónur í málskostnað. Vélaborg ehf. og Gunnar Viðar Bjarnason voru dæmd til að greiða þrotabúi V & Þ hf. 600.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt bréfi skiptastjóra frá 24. nóvember sl. greiddu Vélaborg ehf. og Gunnar Viðar Bjarnason 51.758.922 krónur til þrotabúsins í lok desember 2007.

1. Sóknaraðili byggir kröfu sína um að andvirði greiðslu til þrotabúsins frá 8. október 2004 að fjárhæð kr. 30.440.000, ásamt vöxtum, verði ráðstafað til sóknaraðila, á tryggingabréfi útgefnu í Reykjavík 31. desember 1998, að fjárhæð 404.000.000 kr., sem tryggt var með veði í öllum vörubirgðum V & Þ hf. Með greiðsluáskorun dagsettri 27. ágúst 2004, birtri sama dag, hafi V & Þ hf. verið kafið um greiðslu skulda að baki fyrrnefndu tryggingabréfi. Enn fremur hafi verið tekið fram í fyrrnefndri greiðsluáskorun að skv. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, sbr. 2. mgr. 27. gr. s.l., sé óheimilt án samþykkis veðhafa að skipta út, framselja, selja, eða á annan hátt ráðstafa að hluta til eða að öllu leyti, hvort sem slíkt er gert með skilyrðum eða án skilyrða, hinum veðsettu vörubirgðum.

Samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., gangi kröfur sem njóta veðréttar eða annarra tryggingarréttinda í eign þrotabúsins frammar almennum kröfum. Óumdeilt sé að ofangreind fjárhæð sé andvirði sölu á vörulager sem veðsettur var sóknaraðila. Enn fremur liggi fyrir að kaup á vörulagernum áttu sér stað eftir að innheimtuaðgerðir á hendur V & Þ hf. voru hafnar og að kaupin hafi átt sér stað án alls atbeina og samþykkis sóknaraðila. Fyrir liggi jafnframt að Vélaborg ehf. hafi greitt nefnda fjárhæð inn á reikning V & Þ hf. í útibúi sóknaraðila þann 30. ágúst 2004, þremur dögum eftir að greiðsluáskorunin var birt.

Byggir sóknaraðili á því að með því að hann hafi verið búinn að birta nefnda greiðsluáskorun þegar bæði vörusalan og greiðslan áttu sér stað, og greiðslan hafi verið andvirði vörulagers sem veðsettur var sóknaraðila, sé ljóst að úthluta eigi andvirði hins veðsetta lagers til sóknaraðila við úthlutun úr búinu. Fyrir liggi að þrotabú V & Þ hf. hafi kosið að rifta greiðslunni til sóknaraðila og gjafagerningi sem fólst í sölu á lagernum á undirverði til Vélaborgar, sbr. dómur Hæstaréttar nr. 212/2007. Í báðum tilfellum hafi verið um að ræða verðmæti sem veðsett voru sóknaraðila. Bæði riftunin á greiðslunni að fjárhæð kr. 30.440.000 og greiðslan á andvirði dómsins hafi átt sér stað eftir að úrskurður um gjaldþrot V & Þ hf. gekk. Þrotabúið hafi kosið að taka til sín fyrrgreind verðmæti í stað þess að útleggja þau til sóknaraðila upp í veðkröfu hans. Þrotabúið hafi þannig tekið við greiðslum sem sannanlega voru vegna sölu á vörulager sem veðsettur var sóknaraðila, fyrst 8. október 2004 og síðan í lok desember 2007, í stað þess að útleggja greiðslurnar strax til sóknaraðila, en það þýði einungis að eftir sé að fullnægja veðrétti sóknaraðila af andvirði vörulagersins, sbr. 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Með móttöku á greiðslum annars vegar að fjárhæð kr. 30.440.000 og hins vegna niðurstöðu í dómi Hæstaréttar nr. 212/2007, hafi þrotabú V & Þ hf. verið að taka við greiðslum vegna vörulagers sem veðsettur var sóknaraðila, eftir að fullnustuaðgerðir hófust og eftir að úrskurður um gjaldþrotaskipti átti sér stað og því sé ekki neinn vafi á að andvirði hinna veðsettu fjármuna eigi að renna til sóknaraðila sem veðhafa. Það að þrotabúið hafi þannig komið að sölu á hinum veðsetta vörulager með því að taka við greiðslum vegna hans geti ekki undir neinum kringumstæðum leitt til þess að andvirði sölunnar renni til þrotabúsins. Það að þrotabú taki við greiðslum fyrir veðsetta fjármuni, undir skiptum, geti ekki leitt til þess að veðréttur veðhafa tapist. Auk þessa sé fjárhæð sú sem veðið átti að tryggja mun hærri en fékkst fyrir lagerinn og því alveg ljóst að ekki eigi að koma til neinnar úthlutunar upp í kröfur almennra kröfuhafa

Enn fremur byggir sóknaraðili á því að það myndi vera mjög óeðlilegt og ósanngjarnt ef honum yrði ekki úthlutað ofangreindri fjárhæð. Fyrir liggir að fyrir svarsmenn varnaraðila og V & Þ hf. séu sömu mennirnir. Verði niðurstaða dómsins sú að ekki eigi að úthluta fyrrgreindri greiðslu til sóknaraðila hafi það þær afleiðingar að sömu aðilar og voru í fyrirsvari fyrir V & Þ hf. og keyptu hluta úr vörulager þess félags, áður en það varð gjaldþrota, til þess að eignast allar bestu vörubirgðir hins gjaldþrota félags, komast upp með þann gerning sem og fá hluta af andvirði varanna sem þeir sannanlega keyptu og voru veðsettar sóknaraðila fyrir skuldum V & Þ hf.

2. Auk framangreindra sjónarmiða byggir sóknaraðili á eftirfarandi atriðum vegna endurgjalds af dómi Hæstaréttar nr. 212/2007:

Sóknaraðili byggir kröfu sína um að andvirði dóms Hæstaréttar nr. 212/2007 í máli Vélaborgar ehf. og Gunnars Viðars Bjarnasonar að fjárhæð kr. 51.758.922, sem Vélaborg ehf. greiddi til þrotabús V & Þ hf. í lok desember 2007, eigi að vera ráðstafað til hans, á tryggingabréfi útgefnu í Reykjavík 31. desember 1998, að fjárhæð 404.000.000 kr., sem tryggt var með veði í öllum vörubirgðum V & Þ hf. Samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991, gangi kröfur sem njóti veðréttar eða annarra tryggingarréttinda í eign þrotabúsins framur almennum kröfum.

Fyrir liggir í máli þessu að þegar bú V & Þ hf. var tekið til gjaldþrotaskipta hafði veðkrafa sóknaraðila samkvæmt fyrrgreindu tryggingabréfi ekki verið fullnustuð. Innheimta þrotabúsins á kröfunni hafi hafist með stefnu sem þingfest var þann 28. júní 2005 og greiðsla kröfunnar hafi borist þrotabúinu í lok desember 2007, eftir að fyrrgreindur dómur Hæstaréttar féll. Á tímabilinu frá því úrskurður var kveðinn upp og þar til greiðsla fyrir lagerinn barst þrotabúinu, hafi sóknaraðili átt veðrétt í vörulagernum. Sóknaraðili hafi aldrei gefið þann veðrétt eftir og því verði ekki séð hvernig almennir kröfuhafar eigi, með því einu að höfða dómsmál um riftun á gjafagerningi, að öðlast rétt til andlags dómsins sem víki vernduðum veðrétti sóknaraðila til hliðar.

Sóknaraðili byggir á því að fara eigi með andlag ofangreinds dóms eins og andvirði hvernar annarrar veðsettrar eignar sem þrotabú selji eða útleggi fyrir atbeina skiptastjóra. En fyrir liggir að með fyrrgreindri greiðslu hafi Vélaborg ehf. verið að efna vangreitt kaupverð vörulagers sem veðsettur var sóknaraðila. Um kröfu þrotabúsins segi í stefnu: *Krafa stefnanda um riftun gjafagernings við sölu á vörubirgðum frá V & Þ hf. til stefnda Vélaborgar ehf., samkvæmt reikningi S4-014456, dags, 26. ágúst 2004, byggir á 1. mgr. 131. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*

Stefnandi hefur rökstuddar grunsemdir um að þeir munir, sem seldir voru stefnda Vélaborgar ehf. í umrætt sinn, hafi verið seldir á verði sem var lægra en sem talist getur hæfilegt endurgjald fyrir viðkomandi muni og lægra en það verð sem fengist hefði fyrir munina á almennum markaði.

Af ofangreindri tilvitnun í stefnu verði ekki annað ráðið en þrotabúið sé að innheimta skuld vegna sölu á vörulager, sem veðsettur var sóknaraðila, og fól í sér

gjafagerning. Sóknaraðili byggir á því, svo sem fram komi í greiðsluáskorun og ráða megi af 34. gr. sbr. 27. gr. laga nr. 75/1997, um sammingsveð, að sala á fyrrgreindum vörulager hafi verið óheimil án samþykkis sóknaraðila. Með því að fyrrgreind sala hafi ekki verið samþykkt af sóknaraðila og ekki hafi verið um fullnaðargreiðslu fyrir lagerinn að ræða, sbr. nefndan dómur Hæstaréttar, hafi krafa sóknaraðila til fullnustu af söluverði lagersins aldrei fallið brott og þar með hafi veðréttindi samkvæmt fyrrgreindu tryggingabréfi aldrei fallið niður.

Enn fremur bendir sóknaraðili á að það myndi vera mjög óeðlilegt og í raun fráleit niðurstaða ef þeir aðilar sem dæmdir séu til að þola riftun og gert að greiða þrotabúinu vegna sölu á undirverði á ofangreindum lager, annars vegar persónulega og hins vegar sem fyrirvarsmenn Vélaborgar ehf., geti undir merkjum annars félags verið taldir eiga kröfu í þrotabúið, til þeirra fjármuna sem til þrotabúsins féllu vegna riftunarinnar. Sóknaraðili telji að þetta beri að skoða sérstaklega í ljósi þess að fyrir liggi að þær vörur sem fyrirvarsmenn varnaraðila seldu öðru félagi í sinni eigu voru veðsettar sóknaraðila og fyrrgreind sala gerði það að verkum að umræddar vörur voru sóknaraðila ekki til taks við þrotið til fullnustu á veðkröfum. Með niðurstöðu varnaraðila í hag í þessu máli væri dómurinn að leggja blessun sína yfir það að fyrirvarsmenn hins gjaldþrota félags gætu með þessum hætti bæði þvælst fyrir skiptum með því að taka til varna, líkt og gert er í fyrrgreindu máli og jafnframt notið góðs af niðurstöðu málsins, hvort sem það tapaðist eða ynnist. Megininntak riftunarreglna gjaldþrotaréttar, um jafnræði kröfuhafa, sem dómur Hæstaréttar nr. 212/2007 byggði m.a. niðurstöðu sína á sé að koma í veg fyrir að fyrirvarsmenn félags geti ívilnað sjálfum sér á kostnað annarra kröfuhafa. Niðurstaða varnaraðilum í hag myndi klárlega fara á svig við þessi jafnræðissjónarmið gjaldþrotaréttar.

III

1. Varnaraðili byggir í fyrsta lagi á því að málatilbúnaður sóknaraðila í máli þessu sé haldinn slíkum annmörkum að ekki sé hægt að fallast á kröfur hans í málinu. Hér sé um að ræða sömu annmarka og ollu því að kröfum sóknaraðila á hendur fyrrverandi fyrirvarsmönnum Véla og Þjónustu hf., þeim Stefáni og Gunnari, var vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 420/2007.

Í því máli hafi sóknaraðili krafð þá Stefán og Gunnar um greiðslu á andvirði sölu lagers til Vélaborgar ehf. hinn 26. ágúst 2004, eða um 30.440.000 krónur. Hafi málsóknin byggst á því að sjálfsábyrgðaryfirlýsing þeirra Stefáns og Gunnars vegna reiknings nr. 306-26-3746, sem andvirði sölu lagersins hafi verið lagt inn á, hefði raknað við við riftun skiptastjóra þrotabús V & Þ hf. hinn 22. september 2004. Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 420/2007 hafi málinu verið vísað frá dómi þar sem sóknaraðili byggði málatilbúnað sinn á því að greiðslunni hefði verið rift og hann því endanlega farið á mis við hana, á sama tíma og hann hélt því fram gagnvart þrotabúinu að hann ætti veðrétt í umræddri greiðslu. Af þessum sökum þótti málatilbúnaðurinn svo ómarkviss að hann uppfyllti ekki ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og var málinu því vísað frá héraðsdómi.

Í því máli sem hér er til úrlausnar freisti sóknaraðili þess, að því er virðist í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í framangreindu máli, að fá leyst úr ágreiningi um hvort að hann eigi veðrétt í andvirði vörulagersins. Ljóst sé hins vegar að ekki verður skorið úr um hvort að veðréttur sóknaraðila sé fyrir hendi, án þess að jafnframt verði tekin afstaða til þess hvort riftun skiptastjóra á greiðslunni hafi verið réttmæt eður ei, eins og Hæstiréttur bendi á í forsendum framangreinds dóms þegar segi að enn hefði ekki verið leyst úr ágreiningi sóknaraðila við þrotabúið um veðrétt hans í fjárhæðinni sem greidd var ... og lögmæti riftunarinnar þegar mál það var rekið. Hvorki kröfur né málsástæður sóknaraðila lúti hins vegar að því að fá leyst úr gildi riftunarinnar, auk þess sem ekki verði leyst úr því álitafni án aðildar þrotabúsins sjálfs, sem rifti umræddri greiðslu. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki hægt að fallast á kröfur sóknaraðila í máli þessu.

Raunar sé málatilbúnaður sóknaraðila hvað varðar lögmæti riftunarinnar í heild ómarkviss og mótsagnarkenndur. Strax í upphafi verði ekki betur séð en að sóknaraðili hafi haft efasemdir um riftunina, enda endurgreiddi hann þrotabúinu greiðsluna með fyrirvara. Með bréfi sóknaraðila, frá 15. janúar 2007, sé riftun greiðslunnar mótmælt og krafist úthlutunar hennar á grundvelli eignar eða veðréttar sóknaraðila. Skömmu eftir ritun þessa bréfs, eða hinn 23. febrúar 2007, virðist mála tilbúnaður sóknaraðila hins vegar snarbreytast, en þá höfðaði sóknaraðili framangreint mál á hendur þeim Stefáni og Gunnari á þeim grundvelli að ábyrgðarskuldbinding þeirra Stefáns og Gunnars hefði raknað við í kjölfar riftunar skiptastjóra, sem sóknaraðili virðist þá telja lögmæta.

Þessi mótsögn í málatilbúnaði sóknaraðila hafi orðið til þess að framangreindu máli sóknaraðila á hendur þeim Stefáni og Gunnari hafi verið vísað frá héraðsdómi eins og að framan greini. Ur þessum annmarka á málatilbúnaðinum hafi ekki verið bætt í þessu máli. Sóknaraðili hafi á engan hátt reifað álitafni um lögmæti riftunarinnar í greinargerð sinni og þar með ekki tekið afstöðu til réttmætis hennar. Þá verði að hafa í huga að úr réttmæti riftunarinnar verði ekki skorið án aðildar þrotabúsins eins og að framan greini. Varnaraðili telji þessa annmarka á málatilbúnaði sóknaraðila leiða til þess að ekki sé hægt að fallast á kröfur þeirra í máli þessu sem leiði til þess að andvirði umræddra greiðslna verði að koma til úthlutunar upp í almennar kröfur. Vegna þessa beri að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu, eða vísa kröfum hans frá dómi ex officio.

Verði ekki fallist á framangreind sjónarmið byggir varnaraðili á því í *öðru lagi* að það hafi aldrei stofnast gildur veðréttur í vörulager Véla og þjónustu hf. Fyrir liggir að tryggingarbréf það sem sóknaraðili byggir allar kröfur sínar á var útbúið af sóknaraðila sjálfum en undirritað og gefið út af Vélum og þjónustu hf. þann 31. desember 1998. Bréf þetta var móttakið til þinglýsingar 12. janúar 1999 og þinglýst daginn eftir, en þó með eftirfarandi athugasemd þinglýsingastjóra: „*Ath. Athygli er vakin á að hvorki tegund né tala vörubirgðanna kemur fram í bréfinu.*„

Í 34. gr. svl. sé mælt fyrir um að veðréttur í vörubirgðum öðlist réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárnám í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Í greinargerð með ákvæðinu komi fram að nauðsynlegt sé að sérgreina hvert veðandlagið sé í veðskjali, en almennt nægi að fram komi tegund vörubirgðanna og tala hér um bil. Ljóst sé að tilgreining veðandlagsins í tryggingarbréfinu frá 31. desember 1998 fullnægi þessu ekki, en þar segi einungis

að allar vörubirgðir rekstrar Véla og Þjónustu hf., hverju nafni sem þær nefnist, sem félagið ætti eða eignaðist síðar í atvinnurekstri á hverjum tíma, eða hefði til endursölu, væri veðsett sóknaraðila. Ljóst sé því að til veðréttarins hafi ekki verið stofnað í samræmi við ákvæði samningsveðlaga eins og þau beri að skýra samkvæmt framangreindum ummælum í greinargerð. Veðréttur í vörubirgðum, sem ekki fullnægi skilyrðum laga, sé ógildur milli aðilanna. Það hafi því aldrei stofnast til gilds veðréttar í vörubirgðum Véla og Þjónustu hf. Sóknaraðili, sem hafi her sérfræðinga á sínum snærum, hafi útbúið bréfið sjálfur, en varnaraðili skrifað undir. Verði sóknaraðili sjálfur að bera hallann af óskýrleika bréfsins. Ekki sé því hægt að fallast á kröfur sóknaraðila í málinu og andvirði umræddrar greiðslu verði því að koma til úthlutunar upp í almennar kröfur í þrotabúinu í samræmi við kröfur varnaraðila.

Verði ekki fallist á framangreind rök byggir varnaraðili í þriðja lagi á því að veðréttur í vörubirgðunum hafi fallið niður fyrir gjaldþrot Véla og Þjónustu hf. hinn 7. september 2004.

Skv. 2. mgr. 34. gr. svl. gildi ákvæði 1.-4. mgr. 27. gr. laganna um veðréttt í vörubirgðum. Skv. 1. mgr. 27. gr. geti veðsali skipt út eða framselt veðsettar vöru birgðir svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerði ekki að mun tryggingu veðhafa. Í 2. mgr. sömu greinar segi síðan að eftir að veðhafi hafi komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerð til innheimtu veðkröfu hafi veð sali ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja vörubirgðir nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

Í greinargerð sóknaraðila sé byggt á því að sala umrædds vörulagers frá Vélum og Þjónustu hf. til Vélaborgar ehf. hafi farið fram eftir að sóknaraðili hafi komið fram greiðsluáskorun til varnaraðila, þ.e. eftir 27. ágúst 2004, þegar greiðsluáskorun var birt fyrirvarsmanni Véla og Þjónustu hf. Þar með hafi salan verið í andstöðu við ákvæði tryggingarbréfsins og ákvæði samningsveðslaganna og veðréttur því enn fyrir hendi. Þetta sé alrangt. Sala umrædds vörulagers hafi farið fram daginn áður, 26. ágúst 2004. Þetta sé staðfest í skýrslum þeim sem teknar voru af fyrirvarsmönnum Véla og Þjónustu hf., en þar sé því ávallt lýst að kaupin hafi átt sér stað þennan dag. Það að reikningur vegna sölunnar kunni að hafa verið keyrður úr bókhaldskerfi félagsins nokkrum dögum síðar breyti engu um að salan fór fram 26. ágúst 2004, enda taki ávallt nokkurn tíma að keyra út reikning þegar þó nokkrir hlutir séu seldir í einu eins og í því tilfelli sem hér um ræði. Bréf Hugar hafi því enga þýðingu í málinu. Þá liggi fyrir að fyrir umræddan lager hafi verið greitt með ávísun, útgefinni 26. ágúst 2004. Auk þess megi jafnframt benda á að þennan dag hafi fyrirvarsmenn Véla og Þjónustu hf. lagt fyrir sóknaraðila lista yfir stöðu vörubirgða hinn 26. ágúst 2004, en sá listi hafi verið án þeirra vara sem seldar höfðu verið til Vélaborgar ehf. Þessu til enn frekari stuðnings sé það staðfest í dómi Hæstaréttar nr. 420/2007 að salan hafi farið fram þennan dag en þar segi orðréttt: „Hinn 26. ágúst 2004 keypti Tá ehf. [nú Vélaborg ehf.], félag sem upplýst er að hafi verið í eigu áfrýjenda og fleiri aðila, hluta af vörubirgðir V & Þ [svo] og greiddi kaupverðið meðal annars með tékka að fjárhæð 30.440.000 krónur.,,

Þannig sé því ranglega haldið fram af sóknaraðila að sala umrædds lagers hafi farið fram eftir að sóknaraðili kom fram greiðsluáskorun til þáverandi fyrirvarsmanns Véla og Þjónustu hf. Beri sóknaraðili alla sönnunarbyrði fyrir þessari staðhæfingu sinni. Sala hins umrædda lagers hafi verið fullkomlega heimil

og í samræmi við ákvæði tryggingarbréfsins og ákvæði sanningsveðlaganna, enda hafi verið um sölu á afar litlum hluta af heildarvörulager Véla og Þjónustu hf. á þeim tíma.

Samkvæmt 3. mgr. 27. gr. svl. falli veðréttur í vörubirgðum á brott þegar þær hafa verið seldar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. ákvæðisins og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra. Ljóst sé því að við sölu umrædds lagers hinn 26. ágúst 2004 féll vörubirgðaveð sóknaraðila, sem hann byggir allar kröfur sínar í málinu á, niður. Engin rök standi til þess að líta svo á að veðréttur sóknaraðila hafi raknað við þegar skiptastjóri rifti sölu lagersins, enda sé ekki á því byggt af hálfu sóknaraðila í málinu.

Hér verði að hafa í huga að í vörubirgðaveði felst að það séu vörubirgðirnar sjálfar sem eru veðsettar, ekki andvirði þeirra. Samkvæmt tryggingarbréfi sóknaraðila hafi honum verið veitt heimild til ganga að veðinu og annaðhvort leysa það til sín eða koma því í verð. Tryggingabréfið hafi ekki veitt sóknaraðila heimild til þess að ganga í andvirði þegar seldra vara. Engin skilyrði hafi verið sett um það að andvirði seldra vara skyldi lagt inn á tiltekna reikninga sem væru veðsettir sóknaraðila og því hafi andvirði varanna ekki verið veðsett sóknaraðila eins og hann krefjist.

Í þessu samhengi skuli tekið fram að ráðstöfun andvirðisins inn á reikning nr. 306-26-3746 hjá sóknaraðila, sem ekki var veðsettur sóknaraðila, hafi verið full komlega eðlileg, enda greiðslan innt af hendi í samræmi við skýr fyrirmæli sóknaraðila um að allar greiðslur vegna sölu vara ættu að fara inn á þennan tiltekna reikning. Í greiðsluáskorun sóknaraðila dagsettri 27. ágúst 2004 komi fram að greiðslur megi leggja inn á reikning 301-26-9131. Fyrirsvarsmenn Véla og Þjónustu hf. hafi hins vegar fengið munnleg fyrirmæli þann 30. ágúst 2004 um að greiða ætti inn á reikning 306-26-3746 og hafi þau fyrirmæli verið staðfest skriflega strax daginn eftir. Það hafi því verið í samræmi við fyrirmæli sóknaraðila sjálfs sem greiðslur voru lagðar inn á umræddan yfirdráttarreikning.

Jafnvel þó komist yrði að því að sala umrædds lagers hafi farið fram eftir að sóknaraðili kom við greiðsluáskorun, breyti það ekki þeirri niðurstöðu að veðréttur skv. tryggingarbréfinu hafi fallið niður. Í slíkum tilfellum beri að fara eftir ákvæði 4. mgr. 27. gr. svl., en sóknaraðili byggi ekki á því að veðréttur hans byggist á því ákvæði, heldur eingöngu tryggingarbréfinu. Vegna þess verði ekki fjallað nánar um þetta atriði hér.

2. Varnaraðili byggir á sömu sjónarmiðum og fram koma hér að framan varðandi andvirði greiðslu að fjárhæð 51.758.922 kr. Ljóst sé að greiðsla þessi eigi rætur að rekja til sömu atvika og fyrri greiðsla. Sömu sjónarmið og áður séu rakin eigi því við.

Jafnvel þó talið verði að framangreind sjónarmið eigi ekki við, og til veðréttar í andvirði fyrri greiðslu hafi stofnast og hann ekki fallið niður, geti aldrei hafa stofnast veðréttur í andvirði þeirrar greiðslu sem hér um ræði. Hafa verði í huga að sú greiðsla sem hér um ræði, 51.758.922 krónur, sé mismunurinn á markaðsverði lagersins eins og Hæstiréttur mat það í máli nr. 212/2007, þ.e.

57.231.107 krónur, og kostnaðarverði lagersins, sem sé sú greiðsla sem að Vélaborg ehf. greiddi fyrir lagerinn, þ.e. 31.186.999 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum og kostnaði (þ.e. mismunurinn á markaðsverðinu og því verði sem að Vélaborg ehf. greiddi er 26.044.108 krónur, en restin er málskostnaður og dráttarvextir eða 25.714.814 krónur). Hefði Vélaborg ehf. hinn 26. ágúst 2004 innt af hendi markaðsverðmæti lagersins, þ.e. 57.231.107 krónur, inn á reikning nr. 306-26-3746, hefðu inneign á reikningnum numið 27.245.024 krónum þegar greiddur hefði verið upp yfirdráttur á reikningnum sem stóð í 29.986.083 krónum. Reikningur þessi hafi ekki verið veðsettur sóknaraðila og því hefði inneign þessi við gjaldþrot V & Þ hf. orðið eign þrotabúsins og komið til ráðstöfunar upp í almennar kröfur, rétt eins og inneignir á öðrum reikningum félagsins við gjaldþrotið. Ljóst sé því að aldrei geti hafa stofnast til veðréttar í andvirði greiðslu þeirrar sem hér um ræði.

Að lokum sé rétt að minnst á að í greinargerð sóknaraðila í máli þessu sé mikið gert úr því að það myndi verða óeðlilegt og ósanngjarn ef sóknaraðila yrði ekki úthlutað framangreindum fjárhæðum, því ella rynnu þær til varnaraðila, en fyrrsvarsmenn hans séu sömu menn og voru í forsvari fyrir Vélar og þjónustu ehf. þegar það fór í þrot. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að með niðurstöðu í dómsmáli nr. 212/2007, hafi þrotabúinu verið greitt fullt verð fyrir hinn selda lager og þar með hafi þrotabúið eða kröfuhafar þess ekki glatað neinum verðmætum. Sóknaraðili eigi einungis tilkall til andvirðisins verði komist að því að hann eigi veðrétt í því. Verði komist að því að veðréttur þessi sé ekki fyrir hendi sé ekkert óeðlilegt við það að andvirðinu verði ráðstafað til almennra kröfuhafa. Varnaraðili eigi lögmætar kröfur í þrotabú V & Þ hf. Hann eigi ekki að líða fyrir það að fyrrsvarsmenn félagsins séu þeir sömu og fyrrsvarsmenn Véla og þjónustu hf. á sínum tíma.

IV

Fyrir liggur að bú V & Þ hf., áður Vélar og þjónusta hf., var tekið til gjaldþrotaskipta 7. september 2004.

Skiptastjóri þrotabúsins vísaði ágreiningsefni máls þessa til dómsins í samræmi við ákvæði 171. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Úrlausnarefni máls þessa er því einungis ágreiningsefni það sem skiptastjóri vísaði til dómsins en í bréfi hans kemur fram að leyst hafi verið úr öðrum ágreiningsmálum við skiptin.

Ágreiningsefnið lýtur að því hvort að sóknaraðili eigi veðrétt í andvirði vöru lagers sem var veðsettur sóknaraðila. Er annars vegar um að ræða greiðslu, sem skiptastjóri rifti, að fjárhæð 30.440.000 kr., sem er andvirði sölu á vörubirgðum V & Þ hf. til Táar ehf. og greitt var inn á tékkareikning þrotamanns hjá Kaupþingi banka hf. Hins vegar er um að ræða greiðslu að fjárhæð, samtals 51.758.922 kr., sem er greiðsla samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 212/2007 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að mismunur á söluverði og verðmæti vörubirgðanna hefði verið 26.044.108 og að mismunurinn væri svo verulegur að um gjafagerning væri að ræða að því leyti, sem þrotabúið gæti krafist riftunar á.

Lúta dómkröfur sóknaraðila að því að leyst verði úr ágreiningsefni þessu. Þykir málatilbúnaður sóknaraðila uppfylla skilyrði e- liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er því ekki fallist á það með varnaraðila að á málinu séu annmarkar er varði frávísun þess frá dómi án kröfu.

Með tryggingarbréfi, dags. 31. desember 1998, upphaflega að fjárhæð 404.000.000 kr., veðsetti Vélar og þjónusta hf. Búnaðarbanka Íslands hf., nú sóknar aðila, Nýja Kaupþingi banka hf., allar vörubirgðir sínar til tryggingar á öllum skuldum og fjárskuldbindingum félagsins við bankann.

Varnaraðili byggir m.a. á því að aldrei hafi stofnast gildur veðréttur í vöru birgðunum þar sem tilgreining veðandlagsins í tryggingabréfinu sé ekki fullnægjandi, sbr. athugasemd þinglýsingarstjóra þar sem fram kemur að hvorki tegund né tala vörubirgðanna komi fram í bréfinu.

Veðsetning sú sem hér um ræðir er veðsetning í heildarsafni muna og getur því tilgreining á fjölda ekki skipt máli. Þykir því verða að líta svo á að tilgreining vörubirgða sé fullnægjandi og veðsetning samkvæmt tryggingarbréfinu hafi verið gild.

Veðréttur í vörubirgðum samkvæmt 33. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð er sjálfsvörsluveðréttur í heildarsafni muna, og heldur veðsali umráðum hins veðsetta, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Um slíkan veðrétt gilda ákvæði 1.- 4. mgr. 27. gr. laga nr. 75/1997, sbr. 2. mgr. 34. gr. laganna.

Samkvæmt reikningi, dags. 26. ágúst 2004, seldi Vélar og þjónusta hf., hluta vörulagers síns til einkahlutafélagsins Táar ehf. og var kaupverðið kr. 31.186.999 að virðisaukaskatti meðtöldum. Var stærsti hluti kaupverðsins, kr. 30.440.000, greiddur Vélum og þjónustu hf. með tékka, útgefnum sama dag, sem fyrirsvarsmáður Véla og þjónustu hf. framseldi til Kaupþings Búnaðarbanka hf. þann 30. ágúst 2004. Var andvirði hans lagt inn á tékkareikning nr. 3746 með þeim áhrifum að yfirdráttarskuld félagsins með sjálfskuldarábyrgð, fyrirsvarsmanna félagsins, þeirra Stefáns Braga Bjarnasonar og Gunnars Viðars Bjarnasonar, greiddist upp.

Þann 22. september 2004 rifti skiptastjóri í Þrotabúi V & Þ hf. umræddri greiðslu að fjárhæð kr. 30.440.000. Greiddi bankinn þrotabúinu þessa fjármuni þann 8. október 2004 en áskildi sér allan rétt til að vefengja riftun.

Greinir aðila á um það hvort sóknaraðili eigi veðrétt í umræddri greiðslu.

Fyrir liggur að þann 27. ágúst 2004 var Vélum og þjónustu hf. birt greiðslu áskorun sóknaraðila þar sem skorað var á félagið að greiða gjaldfallnar kröfur sóknaraðila að fjárhæð 142.035.330 kr.

Heldur sóknaraðili því fram að salan á vörubirgðunum hafi átt sér stað eftir að greiðsluáskorunin var birt og því hafi Vélar og þjónusta hf., sem veðsali, ekki haft rétt til að selja vörubirgðirnar án samþykkis hans sem veðhafa, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 75/1997, en þar er kveðið á um að eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerð til innheimtu veðkröfu hefur veðsali

ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja rekstrartækin nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

Til stuðnings því að salan á vörubirgðunum hafi farið fram eftir birtingu greiðsluáskorunarinnar, þ.e. eftir 27. ágúst 2004, vísar sóknaraðili til álits Hugar ehf.

Þeir Gunnar Viðar Bjarnason og Stefán Bragi Bjarnason báru báðir við skýrslutöku hjá skiptastjóra að umrædd viðskipti hefðu farið fram 26. ágúst 2004 en reikningurinn hafi hins vegar, af tilgreindum ástæðum, verið útbúinn 3-4 dögum síðar.

Liggur þannig fyrir að umræddur reikningur var gefinn út síðar en dagsetning hans gefur til kynna. Hins vegar er á það að líta að þeirri staðhæfingu varnaraðila að viðskiptin hafi átt sér stað hinn 26. ágúst 2004 hefur ekki verið hnekkt. Verður því við það að miða að þau hafi átt sér stað þá, eða áður en greiðsluáskorunin var birt. Samkvæmt því var Vélum og þjónustu ekki óheimilt að selja vörulagerinn með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 75/1997.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. getur veðsali skipt út eða framselt veðsett rekstrar tæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa. Ekki er á því byggt af hálfu sóknaraðila að salan hafi brotið í bága við ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. 27. gr. laga nr. 75/1997 fellur veðréttur í vörubirgðum á brott þegar þær hafa verið seldar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. ákvæðisins og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra.

Samkvæmt því, að telja verður samkvæmt framangreindu að veðréttur í vörubirgðunum hafi fallið niður við söluna, verður ekki tekin til greina sú krafa sóknaraðila að greiðslu að fjárhæð 30.440.000 kr. verði ráðstafað upp í veðkröfur hans.

Þar sem greiðslan að fjárhæð 51.758.922 á rætur að rekja til sömu sölu og að framan er fjallað um þykir með vísan til sömu röksemda, þ.e. að veðréttur í vöru birgðunum hafi fallið niður við sölu þeirra 26. ágúst 2004, að hafna kröfu sóknaraðila um að greiðslunni verði ráðstafað upp í veðkröfur hans.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Nýja Kaupþings banka hf., í málinu er hafnað. Andvirði greiðslu að fjárhæð kr. 30.440.000, sem innt var af hendi af hálfu sóknaraðila til þrotabús V & Þ hf. hinn 8. október 2004, og greiðslu að fjárhæð kr. 51.758.922, sem innt var af hendi af hálfu Vélaborgar ehf. og Gunnars Viðars Bjarnasonar hinn 27. desember 2007, skal ráðstafað upp í almennar kröfur skv. 113.

gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við úthlutun úr þrotabúi V & Þ hf. með áföllnum vöxtum af hvorri greiðslu fyrir sig frá greiðsludegi til úthlutunardags.

Málskostnaður fellur niður.

Þorgerður Erlendsdóttir
